

**Húsnæðis- og mannvirkjastofnun**  
10 661

**Ársreikningur 2025**

## Efnisyfirlit

	<b>Bls.</b>
Skýrsla og áritun forstöðumans .....	2
Yfirlit um afkomu ársins .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Sjóðstreymisyfirlit .....	6
Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum .....	7
Skýringar .....	8

**Húsnæðis- og mannvirkjastofnun**

**kt. 581219-1480**

**Borgartúni 21, 105 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) starfar skv. lögum nr. 137/2019. HMS starfar að stjórnsýsluverkefnum á sviði húsnæðismála, mannvirkjamála, skráningu og mat fasteigna, rafmagnsöryggismála og mála er varða byggingarvörur og brunavarnir. Stofnunin skal stuðla að því að jafnvægi ríki á húsnæðismarkaði, m.a. með húsnæðisstuðningi, lánveitingum, rannsóknum, upplýsingagjöf, áætlanagerð og eftirliti. Einnig skal stofnunin leitast við að tryggja að almenningur hafi aðgang að öruggu og vistvænu húsnæði á viðráðanlegu verði og í samræmi við þarfir hvers og eins, óháð efnahag og búsetu, þannig að almenningur hafi raunverulegt val um búsetuform. HMS annast rekstur fasteignaskrár og að viðhalda henni og ber ábyrgð á gerð fasteignamats allra fasteigna á Íslandi ár hvert.

HMS gegnir jafnframt samræmingarhlutverki, sinnir samstarfi við sveitarfélög um stjórnsýslu húsnæðis- og mannvirkjamála og stuðlar að fyrirjáanleika, skilvirkni og gæðum mannvirkjagerðar.

Þann 19. febrúar sl. samþykkti Alþingi að flytja verkefni Skipulagsstofnunar til HMS og verður heiti stofnunarinnar þá Húsnæðis-, mannvirkja- og skipulagsstofnun.

Frekari upplýsingar um starfsemina á árinu 2025 má finna í ársskýrslu sem gefin er út samhliða þessum ársreikningi.

Starfsemin fellur undir málefnasvið 31 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2025 var ársveltan kr. 4127.60,0 milljónir og afkoma kr. -55.70,0 milljónir. Er afkoman í samræmi við samþykta rekstraráætlun sem gerði ráð fyrir að um 75 milljónir yrðu nýttar af ónýttum fjárheimildum fyrri ára. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 283.0,0 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 4174.90,0 milljónir.

Starfsemin á árinu 2025 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2025. Yfirlit um stöðu fjárveitinga og breytingar ársins er á bls. 7.

Það er álit okkar að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál. Einnig staðfesti ég að eftirfarandi sé samkvæmt minni bestu vitund og þekkingu.

Innleitt hefur verið innra eftirlit varðandi vinnslu fjárhagsupplýsinga og meðferð fjármuna í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og uppgötva svik og skekkjur og að ekki hafa komið upp atvik sem benda til þess að innra eftirlit sé ekki að virka sem skyldi.

Öll viðskipti á reikningsárinu sem tilheyra starfsemi ársins hafa verið færð í bókhald. Þau eru í samræmi við viðtekna viðskiptavenju og ekki hefur verið um neina óeðlilega verðlagningu að ræða.

Að útgjöld og aðrar fjármálalegar ráðstafanir hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáráukalaga eða annarra laga sem gilda um reksturinn. Aðgreining kostnaðar milli málefnasviða/málaflokka er rétt.

Veittar hafa verið fullnægjandi upplýsingar um tengda aðila og viðskipti við þá í samræmi við lög um ársreikninga/settar reikningsskilareglur.

Allar eignir koma fram í efnahagsreikningi og fullnægjandi eignarheimildir eru fyrir öllum eignum sem fram koma í efnahagsreikningi og eignaskrá. Upplýsingar hafa verið veittar um allar kvaðir eða veðsetningar hvíla á eignum.

Áætlun um notkunartíma varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið yfirfarin og er í samræmi við áform um notkun og við teljum lokavirði, eins og það kemur fram í eignaskrá, raunhæft.

Þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar við reikningshaldslegt mat á viðskiptakröfum, birgðum og öðrum eignaliðum eru viðeigandi og að kröfur muni innheimtast í samræmi við matið.

Upplýsingar hafa verið veittar um allar skuldir í árslok, bæði áföllnum og skilyrtum, þar á meðal ábyrgðum sem við höfum veitt vegna þriðja aðila, skuldbindandi samningum, skaðabótakröfum, málaferli, skattaskuldir og aðrar skuldir sem geta haft veruleg áhrif á mat á fjárhagsstöðuna. Upplýsingar sem við eiga koma þær fram í ríkisreikningi og séryfirlitum með ríkisreikningi.

## Skýrsla og áritun forstöðumanns

Veittar hafa verið upplýsingar um atburði eftir reikningsskiladag sem áhrif geta haft á mat á fjárhagsstöðuna í lok árs.

Það er álit okkar að ársreikningur 2025 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Stjórn og forstöðumaður staðfesta hér með ársreikning Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar fyrir árið 2025 með rafrænni undirritun sinni.

Sigurður Tyrfingsson  
Stjórnarformaður

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Oddný Árnadóttir

Sigríður Ósk Bjarnadóttir

Arnar Þór Sævarsson

Hermann Jónasson  
Forstjóri Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

(undirritað rafrænt)

## Yfirlit um afkomu ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga .....	2	2 407 900 000	2 374 800 000
Aðrar tekjur .....	3	600 452 190	596 313 349
Seld þjónusta .....	3	134 223 479	95 001 316
Framlög og ýmsar tekjur .....	4	798 346 145	761 095 769
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....	2	186 699 648	156 544 774
<b>Tekjur samtals</b>		<b>4 127 621 462</b>	<b>3 983 755 208</b>
<b>Gjöld</b>			
Framlög og tilfærslur .....	5	153 874 400	172 040 000
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður .....	6	2 573 801 091	2 365 100 247
Annar rekstrarkostnaður .....	7	1 269 037 035	1 283 697 352
Afskriftir og niðurfærslur .....	8	186 699 648	156 544 774
<b>Gjöld samtals</b>		<b>4 183 412 174</b>	<b>3 977 382 373</b>
<b>Afkoma fyrir fjármagnsliði</b>		<b>(55 790 712)</b>	<b>6 372 835</b>
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)</b>			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður .....		650 420	295 435
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap .....		(518 484)	(664 545)
		131 936	(369 110)
<b>Afkoma ársins</b>		<b>(55 658 776)</b>	<b>6 003 725</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>			
Rekstur .....	2	(56 084 376)	35 243 725
Rekstrartilfærslur .....		425 600	(29 240 000)
		(55 658 776)	6 003 725

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

## Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	Skýr	31.12.2025	31.12.2024
<b>Eignir</b>			
Handbært fé .....	9	573 762 953	501 422 320
Viðskiptakröfur .....		54 462 858	51 962 940
Tengdir aðilar .....	10	2 731 236 238	2 813 152 992
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður .....	11	70 459 547	78 378 244
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	12	104 428 860	111 049 953
Óefnislegar eignir .....	13	640 502 884	532 209 512
<b>Eignir samtals</b>		<b>4 174 853 340</b>	<b>4 088 175 961</b>
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar .....	10	33 667 124	43 156 996
Viðskiptaskuldir .....		223 655 261	228 753 120
Ýmsar skammtímaskuldir .....	14	558 537 592	474 214 058
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda .....	15	633 281 078	560 680 726
<b>Skuldir samtals</b>		<b>1 449 141 055</b>	<b>1 306 804 900</b>
<b>Eignir samtals að frádrögnum skuldum samtals</b>		<b>2 725 712 285</b>	<b>2 781 371 061</b>
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign .....	16	283 037 770	338 696 546
Bundið eigið fé .....		2 442 674 515	2 442 674 515
<b>Eigið fé samtals</b>		<b>2 725 712 285</b>	<b>2 781 371 061</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>4 174 853 340</b>	<b>4 088 175 961</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	17		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2025

	Skýr	2025	2024
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins .....		(55 658 776)	6 003 725
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	8	186 699 648	156 544 774
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára .....		(186 699 648)	(156 544 774)
		<u>(55 658 776)</u>	<u>6 003 725</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur .....		5 418 779	(38 958 291)
Tengdir aðilar .....		43 354 955	(122 735 933)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir .....		79 225 675	144 328 625
		<u>127 999 409</u>	<u>(17 365 599)</u>
		<u>72 340 633</u>	<u>(11 361 874)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>			
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Kaupverð óefnislegra eigna .....	12	(287 107 751)	(219 642 991)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna .....	12	(1 264 176)	(1 063 491)
		<u>(288 371 927)</u>	<u>(220 706 482)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Tengdir aðilar .....		29 071 927	0
Fjárfestingarframlag .....		259 300 000	220 706 482
		<u>288 371 927</u>	<u>220 706 482</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>			
Handbært fé í byrjun árs .....		72 340 633	(11 361 874)
		<u>501 422 320</u>	<u>512 784 194</u>
		<u>573 762 953</u>	<u>501 422 320</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

## Yfirlit um fjárveitingar eftir fjárheimildaliðum

	Fjárveiting til rekstrar	Rekstrar- tilfærslur	Fjárveiting til fjárfestinga	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum 2025 .....	2 241 100 000	154 300 000	259 300 000	2 654 700 000
Fjáraukalög .....	0	0	0	0
<b>Fjárveiting skv. fjárlögum og fjáraukalögum .....</b>	<b>2 241 100 000</b>	<b>154 300 000</b>	<b>259 300 000</b>	<b>2 654 700 000</b>
Millifærslur og aðrar breytingar fjárheimilda .....				
Launabætur .....	12 500 000	0	0	12 500 000
<b>Fjárveiting ársins .....</b>	<b>2 253 600 000</b>	<b>154 300 000</b>	<b>259 300 000</b>	<b>2 667 200 000</b>
Staða fjárveitinga fyrri ára í lok árs 2024, (umframráðstafað) .....	380 873 706	(29 240 000)	64 333 458	415 967 164
Br. fjárveitinga skv. ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	(29 240 000)	29 240 000	0	0
<b>Fjárveiting til ráðstöfunar á árinu .....</b>	<b>2 605 233 706</b>	<b>154 300 000</b>	<b>323 633 458</b>	<b>3 083 167 164</b>
Ráðstöfun ársins að frádregnum sértekjum .....	(2 309 684 376)	(153 874 400)	(288 371 927)	(2 751 930 703)
<b>Staða fjárveitinga í lok árs 2025 .....</b>	<b>295 549 330</b>	<b>425 600</b>	<b>35 261 531</b>	<b>331 236 461</b>

# Skýringar

## 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

### Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur af almennum bankainnistæðum færast hjá ríkissjóði.

Vaxtagjöld færast til gjalda þegar þau falla til.

Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ISK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í yfirlit um afkomu sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í lok ársins.

### Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbinding sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

## Skýringar

### Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður .....	3-10 ár
Farartæki og vélar .....	8-15 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

### Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

### Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar.

### Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar

	2025	2024
<b>2 Tekjufærsla fjárveitinga</b>		
Fjárveiting ársins .....	2 407 900 000	2 374 800 000
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	186 699 648	156 544 774
	<u>2 594 599 648</u>	<u>2 531 344 774</u>

### Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum .....	2 241 100 000	154 300 000	0	2 395 400 000
Launabætur .....	12 500 000	0	0	12 500 000
<b>Fjárveiting til tekna .....</b>	<b>2 253 600 000</b>	<b>154 300 000</b>	<b>0</b>	<b>2 407 900 000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádr. sértekjum .....	(2 309 684 376)	(153 874 400)	0	(2 463 558 776)
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs .....</b>	<b>(56 084 376)</b>	<b>425 600</b>	<b>0</b>	<b>(55 658 776)</b>

	2025	2024
<b>3 Seld þjónusta</b>		
Sérfræðiþjónusta .....	131 447 879	89 082 016
Fræðslustarfsemi og fundir .....	2 775 600	5 919 300
	<u>134 223 479</u>	<u>95 001 316</u>

### 4 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur .....	918 757	1 771 000
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta .....	6 037 287	49 689 633
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir .....	787 596 528	688 084 044
Ýmsar tekjur .....	3 793 573	21 551 092
	<u>798 346 145</u>	<u>761 095 769</u>

### 5 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir .....	153 874 400	172 040 000
	<u>153 874 400</u>	<u>172 040 000</u>

### 6 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun .....	2 055 196 555	1 874 899 653
Orlof, breyting .....	3 457 299	12 429 947
Launatengd gjöld .....	471 234 800	429 361 730
Starfsmannakostnaður .....	43 912 437	48 408 917
	<u>2 573 801 091</u>	<u>2 365 100 247</u>

Meðalfjöldi stöðugilda .....	158.6	151.9
------------------------------	-------	-------

## Skýringar

	2025	2024
<b>7 Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	4 178 620	3 132 981
Tæki og búnaður til innréttinga .....	4 482 109	9 895 281
Ýmis tæki og áhöld .....	17 200 757	24 320 881
Orkugjafar .....	4 648 122	4 598 450
Matvæli .....	42 424 492	37 701 229
Almennar rekstrarvörur .....	3 550 635	3 010 057
Vörukaup, almenn	76 484 735	82 658 879
Fundir, námskeið, risna .....	26 221 306	23 580 483
Ferðir, uppihald .....	29 060 306	22 022 956
Akstur .....	11 286 984	8 108 068
Sérfræðipjónusta .....	514 720 949	551 498 447
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld .....	2 668 198	2 412 277
Auglýsingar og kynningarstarfsemi .....	27 145 669	19 943 629
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta .....	20 905 175	24 451 865
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta	632 008 587	652 017 725
Afnotagjöld .....	286 196 373	252 721 706
Leigugjöld .....	245 772 766	259 571 597
Verkkaup .....	25 775 771	33 202 503
Tryggingar, lögboðnar .....	502 287	659 942
Opinber gjöld .....	1 936 516	2 080 300
Tilfærslur .....	360 000	784 700
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	560 543 713	549 020 748
Annar rekstrarkostnaður samtals	1 269 037 035	1 283 697 352
<b>8 Afskriftir</b>		
Áhöld, tæki og búnaður .....	6 917 019	12 079 692
Farartæki og vélar .....	968 250	1 900 568
Niðurfærsla óefnislegra eigna .....	178 814 379	142 564 514
	186 699 648	156 544 774
	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>9 Handbært fé</b>		
Tékkareikningar .....	573 762 953	501 422 320
	573 762 953	501 422 320

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 57,7 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

## Skýringar

31.12.2025 31.12.2024

### 10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

*Kröfur á tengda aðila:*

Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	2 722 340 766	2 789 528 830
Aðrir ríkisaðilar .....	8 895 472	23 624 162
	<u>2 731 236 238</u>	<u>2 813 152 992</u>

*Skuldir við tengda aðila:*

Viðskiptareikningar við aðra ríkisaðila .....	33 667 124	43 156 996
	<u>33 667 124</u>	<u>43 156 996</u>

### 11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Skattar .....	70 459 547	78 378 244
	<u>70 459 547</u>	<u>78 378 244</u>

### 12 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður .....	103 694 654	109 347 497
Farartæki og vélar .....	734 206	1 702 456
	<u>104 428 860</u>	<u>111 049 953</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2025:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2025 .....	272 635 868	15 791 551	0	0	288 427 419
Viðbætur á árinu .....	1 264 176	0	0	0	1 264 176
	<u>273 900 044</u>	<u>15 791 551</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>289 691 595</u>
Afskriftir 01.01.2025 .....	163 288 371	14 089 095	0	0	177 377 466
Afskrift ársins .....	6 917 019	968 250	0	0	7 885 269
	<u>170 205 390</u>	<u>15 057 345</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>185 262 735</u>
Staða 31.12.2025 .....	<u>103 694 654</u>	<u>734 206</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>104 428 860</u>

## Skýringar

	31.12.2025	31.12.2024
<b>13 Óefnislegar eignir</b>		
Óefnislegar eignir .....	640 502 884	532 209 512
	<b>640 502 884</b>	<b>532 209 512</b>
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2025:		<b>Hugbúnaður</b>
Stofnverð 01.01.2025 .....		1 070 618 088
Viðbætur á árinu .....		287 107 751
		<b>1 357 725 839</b>
Niðurfært 01.01.2025 .....		538 408 576
Niðurfærsla ársins .....		178 814 379
		<b>717 222 955</b>
Staða 31.12.2025 .....		<b>640 502 884</b>
	<b>31.12.2025</b>	<b>31.12.2024</b>
<b>14 Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof .....	197 205 658	193 748 359
Önnur ógreidd gjöld .....	361 331 934	280 465 699
	<b>558 537 592</b>	<b>474 214 058</b>

### 15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2025	31.12.2024	
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga .....	598 019 547	496 347 268	
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað) .....	35 261 531	64 333 458	
	<b>633 281 078</b>	<b>560 680 726</b>	
	<b>Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga</b>	<b>Fjárfestinga-fjárveiting</b>	<b>Samtals frestaðar tekjur</b>
Staða 01.01.2025 .....	496 347 268	64 333 458	560 680 726
Fjárfestingarfjárveiting ársins .....	0	259 300 000	259 300 000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	1 264 176	(1 264 176)	0
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	287 107 751	(287 107 751)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna .....	(186 699 648)	0	(186 699 648)
	<b>598 019 547</b>	<b>35 261 531</b>	<b>633 281 078</b>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2025 munu kr. 190,3 milljónir koma til tekna á árinu 2026.

## Skýringar

### 16 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2025	31.12.2024
<b>Hrein eign</b>		
Jöfnuður 1.1. ....	2 781 371 061	2 728 543 640
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins .....	0	46 823 696
Afkoma ársins .....	(55 658 776)	6 003 725
Jöfnuður 31.12. ....	<u>2 725 712 285</u>	<u>2 781 371 061</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

### 17 Aðrar upplýsingar

#### Veittar ábyrgðir

Ekki hefur verið gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

#### Óafturkallanleg loforð

Ekki hafa verið veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur.

#### Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.

# Undirritunarsíða

Sigurður Jóhann Tyrfingsson

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Oddný Árnadóttir

Sigríður Ósk Bjarnadóttir

Arnar Þór Sævarsson

Hermann Jónasson